

- 120 8. ágúst 11. Laugavegur. Frá Þjóðveginum á Leysingjastaðamelum um Laugar að Sælingsdal.
 12. Hvammsvegur. Af Þjóðveginum hjá Skerðingsstöðum að Hvammi.
 13. Efribygðarvegur. Af Þjóðveginum hjá Hellu um Túngarð, Orrahól á Þjóðveginum hjá Kjarlaksstöðum.
 14. Dagverðarnesvegur. Af Þjóðveginum við Fábeinsá að Dagverðarnesi.
 15. Hnúksvegur. Af Þjóðveginum hjá Hnúki niður í Hnúksnes.
 16. Búðardalsvegur. Af Þjóðveginum við Búðardalsá að Búðardal.
 17. Staðarhólsvegur. Af Þjóðveginum hjá Kirkjuholi um Staðarhólsdal að Hvammsdal.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Dalasýslu hefur samið og samþykkt samkv. lögum nr. 102 1933 staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 8. ágúst 1944.

Vilhjálmur Þór.

Gunnl. E. Briem.

121

SAMÞYKKT

10. ágúst

um breyting á samþykkt fyrir sýsluvegasjóð Mýrasýslu, nr. 137 7. júní 1943.

Aftan við 13. tölulið 1. gr. samþykktarinnar bætist:

14. liður: Glitstaðavegur: Frá Norðurárdalsbraut við Hreðavatnsskála að Svartagili og Glitstöðum.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Mýrasýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 102 19. júní 1933, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 10. ágúst 1944.

Vilhjálmur Þór.

Gunnl. E. Briem.

122

GJALDSKRÁ

10. ágúst

fyrir notkun raforku í Borgarneskauptúni.

1. gr.

Verð á raforku um mæla skal vera eins og hér segir:

- Til ljósa í íbúðarhúsum: kr. 1.50 fyrir hverja kílóvattstund.
- Til ljósa í verzlunarhúsum, skrifstofum, skólum, samkomuhúsum, vinnustofum og vinnustöðvum, sláturhúsum og öðrum húsum, sem ekki eru notuð til íbúðar: kr. 3.00 fyrir hverja kílóvattstund.
- Til iðnaðar og götulýsingar: kr. 0.90 fyrir hverja kílóvattstund.
- Leiga fyrir kílóvattmæla rafveitunnar skal vera kr. 2.00 fyrir hvern ársfjórðung.
- Verð á raforku til hleðslu á rafgeymum, ákveður hreppsnefnd fyrir hvert ár í senn.

Hreppsnefnd hefur heimild til að lækka gjöld þessi um allt að 25%.